

Nefndarsvið alþingis. Atvinnumálanefnd.

Umsögn frá Félagi hrossabænda / deild hrossabænda í BÍ. Þingskjal 15 - 15. mál. 152. löggjafarþing 2021-2022. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um velferð dýra, nr. 55/2013 (bann við blóðmerahaldi).

Í innsendri umsögn Félags hrossabænda 6.apríl 2021 við frumvarp til laga um breytingu á lögum um velferð dýra, nr. 55/2013 (bann við blóðmerahaldi) komu fram þær áherslur sem Félag hrossabænda hefur haft gagnvart blóðhryssuhaldi sem byggja á því að öll viðmið ,umgjörð, ásýnd og eftirlit með þessu starfi sé með þeim hætti að ekki þurfi að efast um velferð þeirra hryssna/hrossa sem eru í þessu starfi.

Í framhaldi af myndbirtingu erlendra dýraverndarsamtaka í nóvember sl. og umfjöllum um þetta starf hefur félagið farið yfir afstöðu sína gagnvart þessari starfsemi og sendir því inn aðra umsög við endurfluttning á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um velferð dýra, nr. 55/2013 (bann við blóðmerahaldi).

Á aðalfundi félagsins 11. desember 2021 var tekin sú afstaða að styðja ákvörðun sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra að skipa starfshóp sem falið yrði að fjalla um starfsemi er varðar blóðtöku úr fylfullum hryssum, regluverkið í kringum hana og eftirlit. Félagið beindi því jafnframt til ráðherra að jafnframt yrði skoðað hvaða áhrif áframhaldandi blóðtaka úr fylfullum hryssum geti haft á heildarhagsmuni hrossaræktar og hestatengdrar starfsemi sem er umfangsmikil og teygir anga sína víða.

Eftirfarandi greinargerð var jafnframt samþykkt þegar ákvörðun ráðherra um skipan starfshóps lá fyrir.

„Íslenska hestasamfélagið og samfélag íslenska hestsins á heimsvísu er slegið eftir að myndband frá erlendum dýraverndunarsamtökum var birt í nóvember sl. og íjóst að ímynd íslenska hestsins í upprunalandi sínu hefur beðið hnekki. Sú illa meðferð sem þar kemur fram á fylfullum hryssum er á engan hátt verjandi en að mati fundarins má gera ráð fyrir því að umrætt myndband sé ekki sönn lýsing á almennri meðferð hrossa við blóðtöku í landinu. Engu að síður hefur fundurinn áhyggjur af því að þessi starfsemi eigi ekki samleið með því umfangsmikla starfi sem tengist íslenska hestinum og geti skaðað ásýnd hans og orðspor.

Alþjóðlegt samstarf um íslenska hestinn er afar umfangsmikið og eru FEIF (feif.org) alþjóðleg samtök sem starfa í 22 löndum og teija um 80 þúsund félagsmenn. Hrossarækt og hestamennska er umfangsmikil atvinnugrein hér á landi sem teygir anga sína víða og má þar nefna ræktun og sölu reiðhesta sem nýtast til almennra útreiða, kynbóta og keppni. Útflutningur hefur aukist verulega á síðustu árum og síðastliðið ár var met í fjölda útfluttra hrossa, eða yfir 3.400 hross. Umfangsmikið og markvisst markaðsstarf hefur verið unnið á undanförunum árum undir merkjum Horses of Iceland. Verkefnið er í höndum Íslandsstofu en helstu bakhjarlar þess eru, íslenska ríkið, ýmis félagasamtök um íslenska hestinn, innanlands sem og erlendis, auk margra fyrirtækja sem hafa hagsmuni af þeirri margháttuðu starfsemi sem tengist íslenska hestinum. Hestatengd ferðaþjónusta er jafnframt umfangsmikil atvinnugrein og víða nátengd annars konar ferðaþjónustu. Reiðmennska og hestamennska er kennd í tveimur háskólum og nokkrum framhaldskólum landsins. Fjöldi starfsgreina og afleiddra starfa má tengja tilvist íslenska hestsins og að mati fundarins íjóst að miklir og víðtækir hagsmunir eru í húfi.“

Félag hrossabænda hefur áhyggjur af því að blóðtaka úr fylfullum hryssum eigi ekki samleið með því umfangsmikla starfi sem greint hefur verið frá hér að ofan. Engu að síður vill félagið bíða með að taka afgerandi afstöðu þar til starfshópur landbúnaðarráðherra um blóðtöku úr hryssum hefur lokið störfum. Félagið mun koma sínum sjónarmiðum á framfæri við starfshópinn og leggja áherslu dýravelferð og þá viðtæku hagsmuni sem eru í húfi.

f.h Félags hrossabænda/deild hrossabænda í BÍ

Sveinn S. Steinarsson, formaður